

10. grein – gagnaskil skátafélaga



Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á **10.** grein um gagnaskil skátafélaga

SKÁTARNIR

10 grein – gagnaskil skátafélaga

Núverandi grein:

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu **fyrir Skátaping** árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS:

...

Verður:

Á árlegum aðalfundi skátafélaga skulu stjórnir þeirra leggja fram skýrslu um störf liðins árs og ársreikninga áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Aðilar að BÍS skulu **minnst 2 vikum fyrir Skátaping** árlega hafa greitt félagsgjald fyrra starfsárs til BÍS og standa skil á gögnum til skrifstofu BÍS:

...

Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

Greinargerð:

Skil á þeim gögnum sem kveðið er á um í 10. grein laga BÍS eru skilyrði fyrir því að skátafélög fái úthlutað atkvæði á Skátapingi. Mikilvægt er að standa skil á þessum gögnum en það er ekki síður mikilvægt að Skátamiðstöðin hafi tækifæri til að yfirfara gögnin og staðfesta móttöku þeirra. Eins og er nú hefur það ekki tekist nægilega vel, gögn berast allt fram að setningu þings og þá er jafnvel ómögulegt að yfirfara þau í tíma.

Að auki er erfitt að framfylgja 21. grein þar sem stendur að kjörnefnd og allsherjarnefnd skuli skipuð aðilum frá félögum sem hafa skilað gögnum tímanlega.

